

Pési



Lesið þetta

- Sveitarstjóra spjall
- Auglýsingar
- Fréttir
- Rusladagur

Næsti Pési kemur út 13. júní 2011

Skil á efni er

7. júní

Efni í þessu blaði:

Forystugrein	2
Firmakeppni	8
Leikhúsferð	11
Körfubolti	12
UMFH fréttir	15

Maí 2011

Ritstjóri og ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - svanhildur@fludir.is

Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir

21. árgangur. 249. tölublað. pesi@fludir.is. Sími. 480 6600

Laugardaginn 28. maí verður haldinn rusladagur. Samkvæmt heimildum gæti þetta verið í fertugasta sinn sem hann er haldinn. Hefst hann kl 14:00 með mætingu við Félagsheimilis planið að vestanverðu þar sem ruslamálaráðherra skipar í leitir og fólk fær afhenta ruslapoka. Íbúar Flúðahverfisins sem eiga pallbíla, kerrur eða öflugar dráttarvélar eru beðnir að koma með þau tæki og tól á staðinn. Umhverfisnefnd Hrunamannahrepps mælist til að fyrirtækjæigendur og fólk á lögbýlum nýti vikuna á undan til að snyrta í kringum starfsemi sína og jarðir, einnig að landeigendur týni rusl með vegum fyrir sínu landi þannig að við getum öll fagnað saman í hreinni sveit á rusladaginn.

Virðingarfyllst

Erla Björg Ruslamálaráðherra og umhverfisnefnd.



Frá handverkssýningu í Félagsheimilinu . Ljós:SigSigm

Kór Flúðaskóla söng á styrktartónleikumum í Félagsheimilinu 25. apríl sl. Ljós:SigSigm



Sveitarstjórapistill

Nú er vorið komið og það kom í hvelli. Á einni viku varð allt meira og minna grænt og því fylgir sannarlega svokallaður vorilmur í lofti. Maímánuður markar oft tímamót þar sem veturinn er gerður upp og á það m.a. við um vetrarstarfssemi íþróttahreyfingarinnar. Ég verð að segja það að við megum vera stolt af því starfi sem unnið er hér í hreppnum. Krakkarnir eru að ná þrýðisárangri í hinum ýmsu íþróttagreinum en það má ekki einblína eingöngu á árangur heldur er þátttakan ennþá dýrmætari. Það er vandfundin betri forvörn og mun verða þessum krökkum ómetanleg reynsla á að takast á við lífið og tilveruna. Að mínu mati vinna þjálfarar og þeir sem koma að þessu starfi íþróttagreinanna mikið og óeingingjarnt starf sem ber að þakka mikið fyrir. Það má heldur ekki gleyma nágrönnum okkar í vestri og austri því fjöldi barna úr Skeiða- og Gnúpverjahreppi er að æfa með félögum sínum hér og börn úr Bláskógabyggð hafa verið að sækja hingað og fer væntanlega vaxandi. Það eru síðan örugglega tækifæri að hugsa þessa starfssemi í hina áttina líka því samstarf þessara sveitarfélaga er til fyrirmyndar sem væntanlega mun speglast á íþróttafélögin líka, ekki síst með bættum samgöngum í vesturátt. Þá eru hestamenn að gera upp veturinn og það verður að segja það eins og það er að reiðhöllin á Flúðum hefur gert kraftaverk varðandi mótahald og aðstöðu hestamanna á vetrarmánuðum. Hestamannafélögin virðast blómstra, og þá á ég bæði við Smára og Loga, því það var mikið gæfuspor að félögin skyldu standa saman að reiðhallaruppbyggingu á Flúðum. Þá má ekki gleyma reiðvellingum í Torfdalnum en allt þetta svæði er í raun að verða að perlu sem ég er fullviss um að eigi eftir að verða eitt af kennimerkjum Hreppanna. Þá verður líka að minnast á kórastarfið en nú eru kórnir komnir í sumarfrí og síðustu vikur hafa verið uppskeruhátíð vetrarstarfsins. Það er í raun ótrúlegt hvílíkur fjöldi af fólki kemur að þessu starfi og margir eru í fleiri en einum kórum og greinilega nóg til af söngóðu fólki. Af hinum praktíska vettvangi er það að fréttu að ársreikningur sveitarfélagsins fyrir árið 2010 hefur verið lagður fram og afgreiddur. Hagnaður var af rekstri sveitarfélagsins á síðasta ári en það er alltaf jákvætt að vera réttu megin við strikið. Vil ég sérstaklega þakka öllum starfsmönnum sveitarfélagsins sem hafa tekið þátt í að gera þá stöðu að raunveruleika því þetta gerist ekki nema allir taki þátt og séu meðvitaðir að við þurfum öll að vera nokkuð sniðug. Það eru nefnilega ýmsar blikur á lofti og ljóst að það þarf að halda vel á spöðunum á öllum sviðum til að þetta dæmi okkar gangi vel upp á þessu ári. Síðan vil ég nefna rusladaginn okkar sem hefur verið ákveðinn að verði laugardaginn 28. maí nk. Ég hef svo sem talað um þetta áður en það er afar mikilvægt að allir taki virkan þátt í þessu átaki okkar, bæði íbúar, fyrirtæki, landeigendur og sumarhúsaeygendur. Sérstaklega vil ég vekja athygli á að gera við eða fjarlægja gamlar eða ónýtar girðingar við vegi í sveitinni. Það er mikið lýti þegar girðingar liggja niðri og ég get fullyrt að þetta er eitt af því fyrsta sem gestir okkar sveitarfélags taka eftir ef þessi mál eru ekki í lagi. Bendi ég á að landeigendur geta fengið styrk frá Vegagerðinni við að halda við girðingum við vegi. Hvet ég síðan alla til að taka þátt í pylsuparty á rusladeginum loknum hér á Flúðum og munum ávallt að maður er manns gaman.

Góðar stundir um þessar mundir.
Jón G. Valgeirsson
Sveitarstjóri

Fréttatilkynning

Foreldrafélag stofnað við Menntaskólann að Laugarvatni

Stofnfundur Foreldrafélags Menntaskólans að Laugarvatni (FML) var haldinn í Menntaskólanum að Laugarvatni fimmtudaginn 14/4/2011. Þar voru samþykkt lög félagsins eftir góða og málefnalega umræðu og kosið til **Foreldraráðs** (þ.e. stjórnar) í samræmi við þau. Lög félagsins, niðurstöður kosninga og fundargerð stofnfundar er að finna á heimasíðu ML.

Þeir foreldrar sem mættu á stofnfundinn fengu góðar og uppbyggilegar umræður um lög félagsins og frábæra kynningu á heimasíðu skólans og Innu, þar sem bent var á marga möguleika til notkunar.

Pálmi, húsbóndi á heimavist, sagði frá nýafstaðinni Akureyrarferð á söngva-keppni framhaldsskólanna með um 100 nemendum ML, sem gekk vel. Er ML einn fárra framhaldsskóla sem á vísan gistað á gistiheimili í miðbæ Akureyrar, þökk sé góðri reynslu af nemendum þaðan og góðu utanumhaldi. Var augljóst að foreldrar eru Pálma mjög þakklátir fyrir hans hlut og meta mikils óeigingjarnt starf hans.

Einnig var kynnt forvarnarverkefnið „Bara gras“, sem nýstofnað foreldrafélag hefur forgöngu um að bjóða uppá í ML og grunnskólum í uppsveitum, en þar er farið í gegnum áróðursbrögð sölumanna kannabisefna og sagt frá skaðsemi þeirra.

Við gerum okkur grein fyrir því að í skóla sem þessum, þar sem foreldrar eru dreifðir um stórt svæði, er

erfitt fyrir þá foreldra sem búa langt í burtu frá skólanum að mæta á fundi, enda bensín komið í það verð, að menn hugsa sig um tvisvar áður en þeir renna úr hlaði. En ósk okkar er að foreldrafélagið verði samt virkt í raun, og hvetjum við alla foreldra sem langar til að koma hugmyndum sínum á framfæri að hafa samband við okkur í foreldraráðinu, jafnvel þó þeir hafi ekki tæk á að mæta á fundi. Hugmyndin er að halda aðalfund að hausti, stuttu eftir kynningarfund nýnema og þá helst á sunnudagskvöldi, svo þeir foreldrar, sem þurfa að keyra nemendur í skólann, geti notað ferðina til að mæta á fund.

VERUM VIRKJ

Netföng Foreldraráðs eru: mariamagg@simnet.is;
hraunteigur@hraunteigur.is og truda53@gmail.com



Flúðaleið ehf

Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum og

Kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga. sími: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2370- Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Með kveðju
Starfsfólk Flúðaleiðar



Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga	09:00-19:00
Laugardaga	10:00-19:00
Sunnudaga	10:00-17:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl.Samkaup strax
á Flúðum.

*Skrifstofa Hrunamannahrepps.
Sumar opnunartími hreppsskrifstofu*

*Mánudaga til fimmtudaga:
09:00-12:00 og 13:00-16:00*

Föstudaga: 09:00-12:30

Girðingarefni rafgirðingar - netgirðingar - plaststaurar

Randbeitavír



Hvítur/Orange 250 m
Kr. 2.652

Rafgirðingaborði



200 m
Kr. 3.145
100 m
Kr. 1.754

Rafgirðingareipi



200 m
Kr. 5.602
100 m
Kr. 2.954



Plasteinangrari
Kr. 64



Egg-einangrari
Kr. 110

Randbeitastaurar

Hvítur stál
Kr. 563

Hvítur plast
Kr. 398



Hliðhandfang
Kr. 472



Hnifrofl
Kr. 1.445



Naglbitur
Kr. 2.736



Girðingartöng Fjölnota
Kr. 2.736



Digital Volt mælir
Kr. 7.276



Randbeitarkefli níðurgírað
Kr. 9.527



Randbeitarkefli
Kr. 7.878



Randbeitarkefli
Kr. 5.439

Túngirðingarnet - gaddavír



Túngirðingarnet 5 str. 65cm 100m
Kr. 12.998

Túngirðingarnet 7 str. 65cm 100m
Kr. 16.056

Túngirðingarnet 6 str. 900cm 100m
Kr. 15.457



Gaddavír lowa 2,5mm 200m járnvír
Kr. 9.528
Gaddavír Motto 1,6mm 200m stálvír
Kr. 5.395

Girðingastaur gagnv. yddaður 70/1800
Kr. 398

Girðingastaur gagnv. yddaður 120/2400
Hornstaur

Kr. 2.308

Girðingastaur járn 1,8 m

Kr. 1.500



Bilanagreinnir - Volt mælir
Greinnir í hvora átt útleiðsla er
Kr. 30.314

Plastgirðingastaurar og fylgihl.

Virafestingar stakar	Kr. 15
Plaststaur 1000 án/járnfótar	Kr. 448
Plaststaur 1500 m/spiss	Kr. 573
Rengla 1000 5 strengja	Kr. 45
Plast-hornstaur án/kamst.25mm	Kr. 885
Hattur á hornstaur	Kr. 306
Stagfesta á plast-hornst	Kr. 3.399
Kambstál 16mm x70cm	Kr. 309
Kambstál 20mm x 70cm	Kr. 472
Kambstál 25mm x 70cm	Kr. 737
Kambstál 25mm x150cm	Kr. 1.579
Kambstál 25mm x 200cm f/hornstaur	Kr. 1.860

Fyrir sauðburðinn



Lambamjólkurduft
Kr. 7.880
10 KG.

LAMB AID



Fyrir nýfædd veikburða lömb.
Styrkir ónæmskerfið og bætur meltinguna.

- Merkilitir
- Burðaslim
- Klaufaklippur
- Lambasnara
- Lambatútfótur
- o.fl. o.fl.



480 5600

landstolpi.is

Vinnudagur í Hrunakirkjugarði 3.júní.

Sóknarnefndin er vön að hreinsa og lagfæra í kirkjugarðinum eftir veturinn. Við verðum með mold, þökur, ýmis tæki og tól á staðnum frá kl.16 og eitthvað fram á kvöld föstudaginn 3.júní. Við hvetjum alla sem hug hafa á að lagfæri leiði ástvina sinna að nota þetta tækifæri. Við aðstoðum eftir þörfum.

Gerum fallegan garð fallettri.
Sóknarnefndin.

Starfsmaður frá Arion banka á Selfossi er til viðtals á Skrifstofu Hrunamannahrepps annan þriðjudag í hverjum mánuði
(næst 14. júní 2011)

Tilkynning

Að gefnu tilefni vill Umhverfisnefnd benda fólki á að passa við flutning á rusli og gróðurúrgangi upp á ruslahauga að það detti ekki af kerrum og pöllum og ef það skeður að taka það þá upp og koma því alla leið á áfanga-stað .

Virðingarfyllt

Umhverfisnefnd Hrunamannahrepps



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna
Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og **899-9665**.

Inga Birna.

Sundlaugin á Flúðum.

Opnunartími

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00

Laugardaga 12:00-18:00

Sunnudaga: 12:00-18:00

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar

í Laugarási **480 5300**

Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804

Úrslit Firmakeppni og Styrktaraðilar

Firmakeppni Smára fór fram í frábæru veðri á Flúðum sunnudaginn 1. maí. Um 60 skráningar voru á mótinu og glæsileg hross í öllum flokkum og vandaverk fyrir dómara að raða niður í sæti. 12 pollar tóku þátt og sýndu listir sínar í reiðhöllinni og fengu allir verðlaunapening að launum. Frábær þátttaka var líka í barna og unglinga-flokki og er gaman að fylgjast með hvað krakkarnir eru vel ríðandi og ljóst er að framtíðin er björt.

Stjórn Smára þakkar öllum fyrir þátttökuna og þeim sem komu til að fylgjast með og sérstaklega þeim fjölmörgu fyrirtækjum sem styrktu mótið, sjá meðfylgjandi lista að neðan.

Meðfylgjandi eru helstu úrslit

BARNAFLOKKUR

1. Ragnheiður Einarsdóttir og Rúbín frá Vakurstöðum - BÝ EHF
2. Helgi Valdimar Sigurðsson og Hugnir frá Skollagróf - KILHRAUN.IS
3. Aníta Víðisdóttir og Skoppi frá Bjargi - HRUNAMANNAHREPPUR

UNGLINGAFLOKKUR

1. Sigurbjörg Bára Björnsdóttir og Forseti frá Vorsabæ II - DÝRALÆKNAPJÓNUSTA SUÐURLANDS
 2. Alexandra Garðarsdóttir og Vífill frá Dalsmynni - VARMALÆKUR
 3. Gunnlaugur Bjarnason og Andrá frá Blesastöðum 2a - FLÚÐAFISKUR HELDRI MENN OG KONUR
 1. Jón Hermannsson og Sylgja frá Högnastöðum - DÝRALÆKNAMIÐSTÖÐIN SANDHÓLAFERJU
 2. Valgeir Jónsson og Röðull frá Þverspyrnu - ÍPRÓTTAHÚSIÐ FLÚÐUM
 3. Rosmarie Þorleifsdóttir og Hetja frá Vestra-Geldingaholti - VORSABÆR II SKEIÐ
 1. Guðmann Unnsteinsson og Þruma frá Langholtskoti - BYKO
 2. Sigurður H. Jónsson og Seðill frá Skollagróf - FLÚÐAVERKTAKAR
 3. Sigfús Guðmundsson og Prins frá Vestra-Geldingaholti - HROSSARÆKTAR-FÉLAG HRUNAMANNA
- ### KVENNAFLOKKUR
1. Kristbjörg Kristinsdóttir og Dís frá Jaðri - TÚNFANG
 2. Lára Bergljót Jónsdóttir og Tvistur frá Reykholti - TAMNINGASTÖÐIN LANGHOLTSKOTI
 3. Berglind Ágústsdóttir og Hekla frá Syðra-Velli - KAFFI SEL
- ### KARLAFLOKKUR
1. Hermann Þór Karlsson og Jódís frá Efri-Brúnavöllum - BALDVIN OG ÞOR-VALDUR EHF
 2. Unnsteinn Hermannsson og Prins frá Langholtskoti - PIZZA ISLANDIA
 3. Guðmann Unnsteinsson og Blúnda frá Arakoti - PIZZAVAGNINN



STYRK TARADILAR FIRMAKEPPNI SMÁRA 1. MAÍ 2011

Flúðaverktakar Garðyrkjustöðin Hvammi Íþróttahúsið Flúðum



Hrunamannahreppur, Sundlaugin Flúðum,

Félagsheimilið Flúðum,

Kaffi- Sel, Hestakráin, Lárus Reykjarflöt,

Góðir Hálsar, Landstólpi, Verslunin Árborg, Veitandi,

Fögrusteinar, Bílar og lömb, Tamningastöðin Langholtskoti, Landsvirkjun,

Sauðfjarræktarfélag Hrunamanna, Hrossaræktarfélag Hrunamanna, Flækja og félagar

Kíllhraun.is, Hestaleiga Sigmundar Syðra-Langholti, Íslenskt grænmeti, Gestur og

Gréta Kálfhóll 2a, Flúðafiskur, Þórunn og Samúel Bryðjuholti, Búnaðarfélag Hruna-

manna Ragnar Magnússon, Hrossaræktarbúið Miðfelli, Jötunn vélar,

Nese,y, Haukholt 1, Flúðaleið- flutningar, Félagsmiðstöðin Zero,

Pizza islandia, Kjöt frá Koti, Pizzavagninn, Vorsabær II,

Bjarni Gunnlaugur Bjarnason Skeiðháholti 3, Heimir málarí,

Grænna land, Hraunteigur ehf, Mountainers of Iceland,

Gistiheimilið Grund, Vélaverkstæðið Klakkur, Þá - bílar,

Áhaldahúsið Steðji, Brigitte Brugger, Ljósmyndir Sigga Sig,

Dýralækningaþjónusta Suðurlands, Búnaðarsamb. Suðurlands,

SS Selfossi, Dýralæknastöðin Sandhólaferju, Alli Tul og co,

Hjalli Gunn, Jörðin Jaðar, Bjarni Valur og Gyða,

Baldvin og Þorvaldur ehf, Harri Hamar, Hótel Flúðir,

Dalbær, Útlaginn, Bý, Arion banki, Kurl project, Tré og straumur,

Múrbúðin, Byko, Melar, Hrepphólabúið, Kotlaugar, Flúðaverktakar,

Fossi ehf, Fjallaraf, Tún-fang, Flúðasveppir, Golfvöllurinn Ásatúni,

Flúðafiskur, Varmalækur, Túnbergsbúið, Bökun Auðsholti, Fólaldafóðrunin,

Hrafnelssstöðum, Kertasmíðjan, Reykás, Silfurtún, Flúðaraf,

Siggi og Fjóra Skollagróf.



Grænna land ehf.

Öll þjónusta fyrir garðinn á einum stað:

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðauðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Trjáplöntusala

Þökulagnir



Erla Björg Arnardóttir

Garðyrkjufraeðingur

Sími: 858-3399

graennaland@simnet.is



FLÚÐA-TAXI


Uppsveita Árnessýslu

Jóh. Unnar Guðmundsson



Sími 893 1462

8 farþega bíll



Fjallaraf

sími 662 0530

Hjörleifur Ólafsson

Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi

Hrunamannahreppi

845 Flúðir

Sími 662 0530

Fax 486 6432

fossi@fossi.is

[Nýr umsjónarmaður skálanna á afrétti Hrunamanna](#)

Loftur Magnússon verður umsjónarmaður gangnamannaskálanna á afrétti Hrunamannahrepps í sumar.

Hann gefur upp allar nánari upplýsingar og tekur á móti pöntunum í síma 896-0812. Netfang hans er loftursm@visir.is

Úrtaka fyrir Landsmót 2011
Verður haldin í samstarfi við önnur hestamannafélög
á Suðurlandi
þann 12 júní næstkomandi á Hellu.



Hestamannafélagið Smári á rétt á að senda 3 knapa í hvern flokk á Landsmóti hestamanna sem fram fer á Vindheimamelum dagana 26 júní til 3 júlí.

Hestamannafélagið Smári ætlar að bjóða upp á kennslu fyrir börn og unglunga sem stefna á þátttöku í úrtökunni og svo áframhaldandi aðstoð fyrir þá er það vilja sem vinna sér þátttökurétt á landsmóti. Kennari verður Sólon Morthens.

Hestamannafélagið Smári mun styrkja þau börn og unglunga sem keppa fyrir félagið á Landsmóti um 20.000.- krónur hvert.

Nánar auglýst síðar.

Leikhúsfélag Kvenfélagsins

Föstudaginn 10. júní ætlar Kvenfélagið að bjóða meðlimum sínum í Þjóðleikhúsið að sjá leikritið **Bjart með köflum** eftir Ólaf Hauk Símonarson.

Lagt verður af stað frá Félagsheimilinu kl. 16:00.

Við ætlum að fá okkur að borða saman á Lækjarbrekku áður en farið verður í leikhúsið.

Kvenfélagið borgar rútna og miðana í leikhúsið en mat og drykki borgar hver fyrir sig.

Nú er lag fyrir þær sem langar að taka þátt í skemmtilegum félagsskap að skrá sig í félagið og koma með okkur í skemmtilega borgarferð.

Miða þarf að panta hjá undirrituðum fyrir 25. maí.

Helena s: 486-6575 Ingibjörg s: 486-6464

Sigríður s: 486-6767



Körfuboltafréttir UMFH

Nú er veturinn á enda og þar með einnig körfubolta tímabilið. Keppt var bæði á Íslandsmótum og HSK mótum og stóðu krakkarnir sig mjög vel nú sem endranær. Bestum árangri náðu minnibolta stelpurnar en þær lentu í öðru sæti Íslandsmótsins og hrepptu því silfurverðlaun-frábær árangur!

9fl.stúlkna komust síðan í undanúrslit á Íslandsmótinu.

10fl.karla urðu HSK meistarar.

10fl.kvenna urðu HSK meistarar.

8fl.kvenna urðu HSK meistarar.

Minnibolti karla urðu HSK meistarar.

Minnibolti kvenna urðu HSK meistarar.

Margrét Hrund Arnarsdóttir var valin í U15 landsliðið og mun fara til útlanda að keppa fyrir Íslands hönd. Óskum við henni góðs gengis og erum stolt af henni!

KKÍ stendur fyrir afreksbúðum og eru um 20 krakkar valdir frá UMFH til að taka þátt. Einnig voru nokkrir krakkar valdir til að taka þátt í 2daga æfinga-prógrammi, sérsniðnu fyrir hávaxna leikmenn.

Sú nýjung var tekin upp af hálfu stjórnar að fá foreldri úr hverjum flokk til að vera tengiliður á milli þjálfara og foreldra. Helstu verkefni tengiliðs eru að skipuleggja akstur og dreifa upplýsingum. Þetta virkaði mjög vel og kunnum við tengiliðum bestu þakkir fyrir vel unnin störf í vetur.

Stefnt er á að halda lokahóf á næstunni en það verður frekar auglýst síðar.



Takk fyrir skemmtilegan vetur krakkar, hlökkum til að sjá ykkur hress og kát næsta haust!

Kaffi Sel,- Efra Seli

Opið alla daga frá 1. maí til 15. september

08:00 — 21:00

Verið velkomin

Starfsfólk Kaffi Sels

Vöruflutningar
Reykjavík—Árnessýsla

Vörumóttaka Héðingsgata
1-3



VÖNDULL ehf
FLUTNINGADJÓNUSTA Í
ÁRNESSÝSLU.



Brottför frá Reykjavík, Héðingsgötu 1-3 sími: 533

2211. Mánudaga til föstudaga kl. 12:00, Á Sel-

fossi hjá Húsasmiðjunni og Byko kl. 14:00 .Einnig hjá öðrum fyrir-
tækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar
856 1581 Stefán

VIOLA snyrtistofa á Flúðum
Eftirfarandi meðferðir eru í boði
Andlitsbað Húðhreinsun
Litun og plokkun Handsnyrting
Fótsnyrting Förðun Vaxmeðferðir
Tímabantanir í síma 566-8342
og 856-1599(Hlíf)

Orlofsferð

Húsmæðra í Árnes og Rangárvallasýslu, verður farin í

Stykkishólm dagana 18-21 júní.

Nánari upplýsingar og pantanir hjá:

Guðbjörgu í síma 869 1182 og

Jóhönnu Daníelsd í síma 821 6684



Frá og með 1. maí tekur sumaropnunartíminn við:

Mánudaga Kl. 20-21

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga LOKAÐ

Aðgangur að tölvu fyrir almenning. Gjaldskrá ½ klst. kr. 150,-.

Alltaf eitthvað nýtt efni í hverri viku.

Vinsamlegast munið að skila bókum á réttum tíma.

Verið velkomin á bókasafnið sem er fullt af efni til fróðleiks og skemmtunar.

Bókasafn – Heilsulind hugans J

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 486 6708

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>



Furðubátakeppni

Ferða- og menningarmálanefnd óskar eftir einhverjum til að sjá um furðubátakeppnina um verslunarmannahelgina.

Tilvalið verkefni fyrir félagasamtök til fjáröflunar.

Fyrstir koma fyrstir fá.

Fyrir hönd nefndarinnar

Halldóra Hjörll. Form.

892-1276

fossari@simnet.is

Tamningar og þjálfun

Hef nokkur laus pláss í tamningu og þjálfun frá 15.maí til 15.ágúst. Er komin með töluverða reynslu. Síðustu 7 mánuðina hef ég unnið fyrir Sigga Sig í Þjóðólfshaga og þar á undan fyrir Söru í Álfrólum. Tek 35 þúsund á mánuði fyrir utan vsk og járnangar.

Elísabet í Steinsholti

S: 845 7615

elisabet_0315@hotmail.com

UMFH fréttir.

Aðalfundur Ungmennafélags Hrunamanna var haldinn þann 30. mars síðastliðinn. Á honum voru eftirfarandi kosin í stjórnina: Kristján Geir Guðmundsson formaður, Árni Þór Hilmarsson gjaldkeri, Halldóra Hjörleifsdóttir ritari og meðstjórnendur Jón Viðar Finnsson, Óskar Emilsson og Samúel Unnsteinn Eyjólfsson.

Á fundinum voru gerðar nokkrar breytingar á lögum félagsins, einnig var samþykkt að félagið myndi setja sér siðareglur á árinu til að vinna eftir.

Á fundinum var einnig kynntur menntunar- og afrekssjóður sem að stjórnin hefur stofnað, Bjarkasjóðurinn en hann er nefndur eftir fyrrum formanni félagsins Matthíasi Bjarka Guðmundssyni en hann lést fyrr á árinu 43 ára að aldri.

Bjarki var sönn fyrirmynd að íþróttamanni innan sem utan vallar, algjör bindismaður á áfengi og tóbak og stundaði æfingar og keppni af mikilli samviskusemi og elju. Meðal íþrótta sem hann stundaði snemma á ferlinum voru



sund og frjálssar íþróttir en svo fór að blakið tók yfir og átti hann langan og glæsilegan feril í íþróttinni bæði með Þrótti Reykjavík og sem landsliðsmaður og síðar sem þjálfari beggja liða. Hann endaði svo ferilinn á heimaslóðum sem leikmaður og þjálfari Hrunamanna og á sinn þátt í því að þeir hafa orðið HSK meistarar síðastliðin 12 ár. Sjóðnum er ætlað að styrkja unga og upprennandi félagi UMFH



og til menntunar á þjálfurum félagsins.

Þar sem að formaðurinn kemur ekki alveg í nógu góðu formi undan vetri að þá er stefnt að því að hafa heldri manna bolta í sumar einu sinni eða tvisvar í viku og koma nánari fréttir um það í næsta Pésa.

Kveðja Kristján Geir



Nokkrar myndir frá páskamótinu þann 23. apríl sl.
Ljós:SigSigm